

Júlí 2024



Hvatarblaðið



Fundargerðir



Sveitarstjórn
571. fundur

Sveitarstjórn
572. fundur



Fjallkona Grímsnes- og Grafningshrepps 2024
Veiga Dögg Magnúsdóttir

Hátíðarhöld 17. júní 2024

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur stóð að hátíðardagskrá á Borg í tilefni þjóðhátíðardags Íslendinga, 17. júní 2024. Þann 17. júní 1944 var íslenska lýðveldið stofnað á Lögbergi á Þingvöllum og fagnar það því 80 ára afmæli á árinu.

Atvinnu- og menningarnefnd sá um skipulagningu og framkvæmd með dyggri aðstoð starfsmanna sveitarfélagsins. Það má ekki heldur gleyma unglingunum í vinnuskólanum sem unnu hörðum höndum við að undirbúa svæðið og sinntu gæslu á útisvæðinu.

Hátíðarræðan var flutt af einu af lýðveldisbörnunum, Lísu Thomsen. Lesa má ræðuna í þessu Hvatarblaði.

Fjallkona ársins var Veiga Dögg Magnúsdóttir en sú athöfn er í höndum Kvenfélags Grímsneshrepps. Veiga las ljóð "Vertu þinn eigin vinur" eftir Huldu Hvönn. Heiðursvörð stóðu skátar úr Skátafélagi Sólheima - Bjarkar Þór Sigurfinnsson, Eiríkur Þórðarsson og Edvin Kristinsson.

Hvatningarverðlaun fyrir heilsuefandi starf í sveitarfélaginu voru veitt til Sólheima að þessu sinni fyrir fjölbreytt starf í þágu lýðheilsu í gegnum árin. Valgeir Fridolf Backman og Ólafur Hauksson tóku við verðlaununum.

Að því loknu var dagskrá á útisvæðinu - útileikföng, hoppukastali fyrir yngstu gesti, ærslabelgur fyrir eldri börn auk andlitsmálningu. Blakdeild Hvatar seldi pylsur, popp, sleikjó og gos en allur ágóði rann til þess félags. Lýðveldisbollakökur voru í boði forsætisráðuneytisins. Ráðuneytið gaf einnig landsmönnum bókina: Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær sem margir gestir tóku með sér heim.

Pegar allir voru saddir og búnir að leika sér úti steig töframaðurinn Jón Víðis á sviðið í félagsheimilinu á Borg og skemmti jafnt börnum sem fullorðnum. Atvinnu- og menningarnefnd þakkar öllum samstarfsaðilum og þeim sem lögðu hönd á plóg.

Anna Katarzyna Wozniczka, Pétur Thomsen og Anna María Danielsdóttir









Hátíðarræða á Borg, 17. júní 2024.

Góðir þjóðhátíðargestir, til hamingju með daginn.

Á 19. öld vaknar áköf frelsisþrá meðal Íslendinga undir forystu prestssonarins frá Hrafnseyri, Jóns Sigurðssonar.

Árið 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki og Íslendingar stofna lýðveldi á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar forseta og frelsishetju okkar á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Ég er fædd 1944 sama ár og lýðveldið var stofnað og er því svokallað lýðveldisbarn. Í ár eru liðin 60 ár síðan ég flutti í Grímsnesið og gerðist bóndakona á Búrfelli. Við Böðvar gengum í hjónaband 1963 og vorum bæði virk í félagslífi sveitarinnar.

Margt hefur breyst á þessum tíma, má segja að það hefur orðið bylting á öllum sviðum. Ég ætla að stikla á stóru sem á dagana hefur drifið, en það er af nógu að taka.

Það hefur verið ánægjulegt að vera þátttakandi í samfélagi þar sem hver einstaklingur skiptir máli.

Fyrstu árin var sveitarsími og lokaði símstöðin kl. 18 svo að ekki var hægt að hringja eftir þann tíma. Á þessum árum voru fundir og viðburðir sveitarinnar boðaðir í síma eftir ákveðnum reglum. En það var eins og þessi boð skiluðu sér ekki alltaf alla leið og þegar ég var formaður Ungmennafélagsins Hvatar þá datt mér í hug hvort ég ætti gefa út fréttabréf.

Þetta gerði ég á meðan ég var formaður Hvatar. Þetta gekk mjög vel og fengu burtfluttir sveitungar það sent heim og fannst þeim gaman að fá fréttir úr gömlu sveitinni sinni.

Fréttabréfið kemur enn út en er nú gefið út af sveitarfélaginu.

Það var gaman að fara með fullan skólabíl af börnum á íþróttamót að keppa, stundum komum við heim með verðlaunapening og stundum ekki en það skipti ekki öllu máli, heldur það að vera með.

Við fórum á skauta á Slauku við Ormsstaði og fengum kakó og eplaköku hjá Karen og Tomma á eftir. Einnig fórum við í ferðalög á sumrin eins og t.d. í Þórsmörk, Húsafell og Vestfirði og á veturna fórum við á skíði í Bláfjöll og Skálafell.

Fyrr á árum voru vegirnir malarvegir sem voru holóttir og vondir. Þegar hafist var handa að hreinsa meðfram vegum man ég eftir að við fundum 25 hljóðkúta og sagði það sína sögu um ástand veganna í sveitinni á þeim tíma.

Þegar félagsheimilið var vígt 1966 var sett á svið leikritið Maður og kona sem tókst sérlega vel og voru sýningar 19 að mig minnir og var það sýnt víða um Suðurland.

Það gefur manni svo mikið að vinna saman að svona verkefnum, félagsauðurinn er mikill og ómetanlegur.

Þegar hreppurinn keypti Ásgarð þá gaf hann m.a. kvenfélaginu einn hektara lands. Við ákváðum að byggja sumarhús og var m.a. farið 2-3 ferðir til Reykjavíkur á hverju ári til að selja brodd sem Dóra á Stærri-Bæ hafði safnað, ásamt kökum og ýmsu fleiru.

Ég man sérstaklega eftir ferð þegar við völdum Lækjartorg sem sölustað. Ég ók inn á torgið með fullan Land Rover af broddi en þar beið hópur fólks eftir broddinum og var slegist um föturnar. Á eftir fórum við á matsölustað rétt hjá og ég gleymi ekki þegar við sturtuðum peningaseðlunum úr töskunum á borðið og tókum til við að telja hvað við höfðum náð að safna þann daginn og fólkið á næstu borðum hélt örugglega að við hefðum rænt banka.

Einnig fengum við að setja upp stóran vefstól í Miðengi þar sem við mættum dag eftir dag og ófúm mottur sem við seldum með broddinum.

Þegar landbúnaðarsýning var á Selfossi vorum við beðnar að kanna á hverju heimili hvort þar væru einhver handverk sem gaman væri að sýna. Engin í stjórn kvenfélagsins var með bílpróf svo að þær báðu mig að aka þeim. Ein sagðist hafa umráð yfir bíl og gæti lagt hann til. Þegar við vorum lagðar af stað muldraði hún eitthvað um að bakkgrínn væri víst óvirkur og var ég með hnút í maganum allan daginn hvernig ég færi að án bakkgrírs. Ég hafði ekki komið á nærri alla bæi og þekkti ekki kringumstæður en þetta gekk allt samt vel.

Þegar kvenfélagið var 75 ára gaf sveitarstjórn okkur 160.000 kr. sem hún óskaði eftir að við notuðum til að koma okkur upp íslenskum búningi, sem við gerðum.

Svanhildur heitin Stefánsdóttir saumaði hann og prýðir hann alltaf fjallkonuna okkar á þessum degi, mjög fallegur búningur eins og þið sjáið.

Þátttaka í samfélaginu er öllum mikilvæg, mér þykir líka vænt um sögu og menningu sveitarinnar, því er ég ákaflega þakklát fyrir að hafa tekist að bjarga gamla þinghúsinu okkar, Gömlu Borg frá niðurrífi. Það eru nokkur félög í sveitinni, það er ánægjulegt að sjá hvað þessi félög vinna vel saman á dögum sem þessum og Grímsævintýrinu og gera daginn þar með ánægjulegan.

Samvinna og fórnfýsi var mikil í sveitafélaginu, þegar við Böðvar vorum að byggja íbúðarhúsið okkar komu bændur af bæjunum í kring og hjálpuðu til við steypuvinnuna. Þegar aldurinn færist yfir og kraftarnir minnka er gott að eiga góða nágranna. Ég er svo heppin að hann Siggi á Hæðarenda er minn nágranni og hefur hann ósjaldan komið og hjálpað gömlu konunni.

Það er vel hugsað um okkur eldri borgara. Sveitarfélagið býður eldri borgurum að gista á hóteli í 2-4 daga ár hvert og einnig eiga þeir kost á að snæða hádegismat á Borg gegn mjög vægu gjaldi og kvenfélagið býður eldri borgurum í dagsferð á hverju sumri.

Við konur í sveitinni ákváðum að efna til kvennareiðtúrs á hverju ári. Einn slíkur var farinn í Kringlumýri og skyldi grilla og gista. Gekk þetta allt eftir en þegar farið var að huga að heimferð var ég í vandræðum því ég þekkti ekki minn hest, hann var jarpur á lit eins og flestir. En ég huggaði mig við það að í lokin hlyti einn hestur að verða eftir í gerðinu og hann væri þá minn.

Ég klæddi mig í rólegheitum og gekk hægt út að gerðinu en viti menn, fann ég ekki fyrir einhverju að ýta við öxlina á mér og var kominn Kjarni minn, hann fann mig og ridum við sæl heim á leið.

Fyrir 40 árum, árið 1984 á 40 ára afmæli lýðveldisins hélt Böðvar minn heitinn hátíðarræðuna hér á Borg. Böðvar var í mörg ár hreppstjóri og oddviti, og vitna ég nú orðrétt í ræðuna hans:

Þrátt fyrir rok og rigningu á Þingvöllum þennan dag líkt og nú í morgun sóttu 25 þúsund Íslendingar Þingvelli heim og fögnuðu innilega fullum sigri í þessu sjálfstæðismáli okkar.

Mér er þessi dagur enn í fersku minni. Kl. 4 um morguninn lagði faðir minn af stað ríðandi ásamt fleira fólki til Þingvalla, eldri systur mínar tvær fóru með öðru heimilisfólki á kassabíl en ég, mamma og yngri systur mínar voru heima og fylgdumst með hátíðarhöldum í gegnum útvarp. Þó ekki væri aldurinn hár skynjaði ég að stórir draumar voru að ræstast og hjörtu fylltust gleði yfir unnum sigri. Viða hér í sveit höfðu menn verið dagana á undan að koma upp flaggstöngum við bæi sína. Þótti þá sjálfsagt að staðsetja stengurnar sem hæst, t.d. á stafni húsa. Heima var stöngin staðsett á slíkum stað og hafði faðir minn á orði að það hefði verið erfiðasta verkið í hans búskap að sitja klovvega upp á mæni með flaggstöngina í höndunum á meðan gengið var frá festingum. Mikil ánægja er að því að draga íslenska fánann að húni og vill ég hvetja hvert einasta heimili til þess að eiga fána og fánastöng.

Lýkur hér tilvitnun í ræðu Böðvars.

Að lokum er það heitasta ósk mín að við fetum í fótspor forvera okkar um að standa vörð um okkar íslensku tungu. Varðveitum lýðræðið og verum stolt af því.

Gleðilega hátíð.
Lísa Thomsen

Framkvæmdir á skólalóð og gervigrasvelli



Næstu vikur verður grunnskólalóðin við Kerhólsskóla lokuð vegna framkvæmda. Verið er að malbika þann hluta lóðarinnar þar sem áður var möl og fallmöl. Þetta tryggir aðgengi fyrir alla ásamt því að gera skólalóðina fallegri og eykur notagildið. Undir leiktæki verður sett tartan sem fallvörn líkt og er á hluta leikskólalóðar og yfirborðið brotið upp með tartan hólum. Lýsing verður endurbætt og ljóskastarar fjarlægðir. Köngulóarklifurnet bætist svo að lokum við lóðina og er vonast til þess að það vekji lukku. Verktakar eru Grjótgás og Jóhann Helgi & Co.

Einnig er verið að skipta út gervigrasi og snjóbræðslu á battavellinum sem var komið til ára sinna. Nýja gervigrasið verður ekki með gúmmíkurli líkt og það gamla.

Á meðan unnið er að breytingum á vellinum er bent á leikvöllinn við Hraunbraut og ærslabelginn á túninu.

Bedist er velvirðingar á þessu raski.



FJÓRUM VINNUSTOFUM UM FJÖLMENNINGU Í UPPSVEITUM LOKIÐ

Verkefnið Fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum Árnessýslu er á fullri ferð en verkefnið hefur það að markmiði að skapa samfélag þar sem fólk af ólíkum uppruna getur blómstrað saman. Búið er að halda fjórar vinnustofur þar sem fjallað var um fjölmenningu og voru þátttakendur beðnir um að skilgreina hvað væri fyrirmyndar fjölmenningsarsamfélag og hvaða verkefni sveitarfélögin og íbúar þeirra þyrftu að vinna að til að Uppsveitir Árnessýslu yrðu slíkt. Öll sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum vinna að verkefninu og eru verkefnastjórar Gunnar Gunnarsson verkefnastjóri í Heilsuefandi Uppsveitir, Guðrún Ása Kristleifsdóttir verkefnastjóri Heilsuefandi samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi og Lína Björg Tryggvadóttir Byggðarþróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnessýslu.

Haldnar voru fjórar vinnustofur og var sú fyrsta haldin í Félagsheimilinu á Flúðum þann 12. júní. Næsta var haldin í Félagsheimilinu á Borg þann 19. júní, sú þriðja var haldin í Reykholti þann 20. júní og sú fjórða var haldin í Félagsheimilinu í Árnesi þann 21. júní og mættu í heildina 38 manns sem öll höfðu mikið til málanna að leggja. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í vinnustofunum og lögðu sitt af mörkum til að móta fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum Árnessýslu. Þeirra framlag er ómetanlegt og mun hjálpa til við að skapa betra samfélag fyrir alla.

Samhliða þessum fundum hefur verið í gangi könnun þar sem verið er að kanna upplifun íbúa á þjónustu sveitarfélaganna og hversu velkomnir íbúar Uppsveitanna upplifa sig í samfélaginu. Ennþá er hægt að taka þátt í könnuninni með því að smella hér en könnunin er á fjórum tungumálum sem eru enska, íslenska, pólska og rúmenska og hvetjum við alla til að taka þátt.

Nú þegar vinnustofurnar eru búnar tekur við að vinna út úr þeim gögnum sem safnast hafa og verður unnin skýrsla með tillögum að aðgerðum fyrir næsta vetur sem send verður til sveitarfélaganna. Einnig er stefnt að því að halda fjölmenningsarveislu í vetur, þar sem íbúar geta komið saman og fagnað fjölbreytileikanum.



Ljósafossvöllur vígður

Glæsilegur frisbígolfvöllur við Ljósafosstöð var vígður við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 27. júní. Ljósafossvöllur tekur við af golfvelli sem hefur litið verið notaður síðustu ár. Fjórir riðu á vaðið og köstuðu fyrstu diskunum á vellinum: Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps og Helgi Kjartansson, sveitarstjóri, ásamt þeim Matthildi Maríu Guðmundsdóttur stöðvarstjóra og Gunnari Guðna Tómassyni, framkvæmdastjóra vatnsafls hjá Landsvirkjun. Ekki fer sögum af því hver kastaði lengst.



Runólfur Helgi Jónsson, formaður Frisbígolfsambandsins var að sjálfsögðu einnig mættur til að fagna þessum áfanga með hönnuði vallarins, Birgi Ómarssyni.

Hátt í eitt hundrað keppendur tóku svo þátt í fyrsta mótinu á vellinum og er mikil ánægja með þessa flottu viðbót við FOLF-flórana. Á vellinum eru 18 brautir auk 9 brauta púttvallar sem hefur fengið nafnið Ljósálfur. Hann er öllum opin og ókeypis.

Orkusýning Landsvirkjunar er einnig í Ljósafosstöð og því tilvalið fyrir gesti að koma á sýninguna og spila hring á vellinum. Sýningin er opin alla daga í sumar frá 10–17.



Hreindís

1. tölublað · 39. árgangur · júní 2024 · útgefandi Sólheimar ses.



Sólheimar 1930-2024

Verið hjartanlega velkomin á
Menningarveislu Sólheima 2024

1.júní til 18. ágúst

Setning Menningarveislu verður á
Péturstorgi 1. júní klukkan 14:00.

Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi
Sigmundsdóttur 5. júlí 1930 sem þá var 28 ára
gömul og fögnum því 94 ára afmæli í ár.

Að venju verður margt um að vera á Menningarveislunni,
tónleikar (sjá baksíðu), sýningar, markaðstorg, leiðsagnir
og ávalt óvæntar upptakomur. Njótið veislunnar!



Græna Kannan

Opið alla daga 10:00-18:00

Í hjarta þorpsins er Græna kannan. Þar er boðið upp á nýbrennt og malað lifrænt Sólheimakaffi ásamt hinni margrómuðu tómatsúpu, heimabökuðu brauði, kökum og öðru góðgæti.



SÖGUSAFN SÓLHEIMA

„Í Sólheimahúsi“

Safn um sögu Sólheima og ævi og starf Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima. Ókeypis er á safnið en tekið er á móti frjálsum framlögum.

Safnið er opið á laugardögum eftir tónleika frá 1. júní – 18. ágúst 2024.

Þess fyrir utan er hægt að hringja í síma 855-6080 til að fá aðgang, og panta leiðsagnir fyrir hópa. Leiðsögn er 1.500 kr á manninn.

VersluninVala

Opið alla daga 10:00-18:00

Úrval fallegra listmuna sem fegra og gleðja.

Vinsælustu verkin, lifð á haus, Gæfunktur, Fiskhaus og Ástrikur eignast ný heimili!



FIMMTUDAGSFRÆÐSLA

í Sesseljuhúsi Umhverfissetri

Sjávarfang – sýning um strandhreinsanir umhverfis Ísland ásamt ruslaskrímslum frá Kerhólsskóla.

Fimmtudagsfræðslur kl. 17 frá 30. maí, annan hvern fimmtudag í sumar.

Njóttu Sólheima yfir nótt

Gistiheimilin Brekkukot og Veghús eru fyrir alla gesti og gangandi.

Panta á síðunni <https://stayinsolheimar.is/> eða í síma 775-0123.

Welcome, dear guest, to our Cultural Festival 2024 in Sólheimar, Eco-Village.

Lots of fun things to do this summer!

Throughout this summer, from the beginning of June to the end of August, there will be concerts every Saturday at 14:00, either in our church or by Græna kannan Café.

The shop Vala, Græna kannan Café and all exhibitions are open from 10:00-18:00 during the summer.

Want to stay?

Well, check out our guesthouses! For bookings visit: www.stayinsolheimar.is or call +354 775 0123.

Exhibitions:

- Græna Kannan Café
Exhibition from Sólheimar Art Workshops.
- Sesseljuhús Environmental Center
Catch of the Sea – exhibition about beach cleaning around Iceland and sea monsters made by students from the local elementary school.
- Sólheimar house, The story!
A history museum about the life and work of our founder Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir. Entrance is free of charge, but donations are welcome. Opening hours are every Saturday this summer from 1st of June – 18th of August. For information about guided tours, call +354 855-6080 and book in advance. Guided tour is 1.500 ISK/10 euros per person.

Enjoy your stay in Sólheimar. Make the most of your days.

www.solheimar.is



Skannaðu kóðann og fylgdu okkur á líflegri Instagramsiðu Sólheima #solheimareco



SÓLHEIMAR
SMÁLFBÆRT SAMFÉLAG

1. Hringtorg og bílastæði
2. Veghús Gistiheimili
3. Brekkukot Gistiheimili
4. Verslunin Vala, Græna Kannan, Lifthús Sólheima, Péturstorg og Markaðstorg
5. Sesseljúhús, gestamóttaka, leiðsagnir og sýningar
6. Sólheimakirkja, tónleikar
7. Íþróttaleikhús
8. Garðyrkjustöðin Sunna
9. Skógræktarstöðin Ólur
10. Tröllagarður
11. Höggmynda- og ljóðagarður
12. Vigðisrúthús, skrifstofur
13. Sólheimahús, Sögusýning og Ægisbúð
14. Ingustofa, vinnustofur, hæfing
15. Ólasmíðja, vinnustofur, hæfing
16. Loppumarkaður og bókaúð Gulla
17. Flóðahringur, gönguleið 2,3 km
18. Fjósahringur, gönguleið 1,7 km



Dagskrá

Sunnudaganna 2. júní, 7. júlí og 25. ágúst

14:00 GUÐSPJÓNUSTA Í SÓLHEIMAKIRKJU

Alla laugardaga frá 1. júní til 18. ágúst

14:00 TÓNLEIKAR, sjá baksíðu

Fimmtudagana 30. maí, 13. júní, 27. júní, 11. júlí, 25. júlí og 8. ágúst

17:00 FIMMTUDAGSFRÆÐSLA Á VEGUM SESSELJUHÚSS

Föstudaginn 5. júlí

AFMÆLISDAGUR SÓLHEIMA
Sólheimar 94 ára, 1930-2024.

Sunnudagurinn 4. ágúst

14:00 HÁTÍÐARGUÐSPJÓNUSTA
Sr. Pálmi Matthíasson, Jónas Þórir og félagar úr Kammerkór Bústaðakirkju.

15.30 HLJÓMSVEITIN BLÆR
Á Sólheimum í Grænu Könnunni
Þar munu heyrast Eyjalögin, bitlalögin og blanda af leikandi léttum lögum. Allir mega syngja með og dansa. Hlökkum mikið til.

Sunnudagurinn 18. ágúst

FJÓLSKYLDUDAGURINN, OPNI DAGURINN OG LÍFRÆNI DAGURINN

Um margt að velja. Fyrirlestrar í Sesseljúhúsi. Sýningar, leikir fyrir börn, kaffihús.

Áhugaverðar sýningar

Sjá númer á korti.

„Í Sólheimahúsi“ 13

Sögusýning um æfi og starf Sesselju Hreindisar Sigmundsdóttur stofnanda Sólheima sem bjó í húsinu frá fyrsta degi til dauðadags

Sesseljúhús sýningin 5

Sjávarfang Umhverfissýning

Lifthús Grænu Könnunar 4

Árleg samsýning listvinnustofa. Vinnustofur Sólheima skarta öflugum listafólki sem sýnir myndlist sína í listsal Grænu Könnunar

Höggmyndagarður – miðsvæði 11

Ljóðagarður – miðsvæði 11

Tröllagarður – milli Bláskóga og Sunnu 10

Trjágarður – við Ólur skógræktarstöð 9

Grænn í 56 ár – göngustígur við Sesseljúhús 5

Eins og gerst hafi í gær – tún ofan við Grænu Könnuna 4

Minningarperlur – tún ofan við Grænu Könnuna 4

Tröll í trjám – ofan við Grænu Könnuna 4

Leiksvæði – tún ofan við verslun trampolin, frísbíggjarkarfa og vikingabátur 4

Sesseljúhús

Hægt er að panta lífliga Sólheimaleiðsögn í síma 855-6080 eða með tölvupósti á póstfangið: sesseljuhus@solheimar.is. Tívaldið fyrir hópá.

Polish

Witaj drogi Gościu w Sólheimar, w 94 letniej wiosce ekologicznej i na naszym Festiwalu Kultury 2024

W Sólheimar tego lata, czeka na Ciebie mnóstwo fajnych rzeczy do zrobienia!

Przez całe lato, od początku czerwca do końca sierpnia, w każdą sobotę o 14:00 zapraszamy na koncerty do naszego kościoła, a jeśli pogoda dopisze, na plac obok kawiarni Græna Kannan. Sklep Vala, kawiarnia Græna Kannan i wszystkie wystawy otwarte są latem codziennie od 10:00 do 18:00.

Chcesz zostać dłużej?

Sprawdź nasze pensjonaty: <https://stayinsolheimar.is/>

Wystawy:

Kawiarnia Græna Kannan

Wystawa z Warsztatów Artystycznych Sólheimar.

Sesseljúhús Centrum Ekologiczne Catch of the Sea – wystawa poświęcona sprzątaniu plaż wokół Islandii oraz przetworom morskim wykonanym przez uczniów miejscowej szkoły podstawowej.

Dom Sólheimar, museum Historii! Wystawa o życiu i twórczości naszej założycielki Sesselji Hreindis Sigmundsdóttir

Tylko wycieczki z przewodnikiem: zadzwoń pod numer 855-6080 Koszt 1500 ISK za osobę dorosłą i 700 ISK za dziecko

Życzymy udanego

pobytu w Sólheimar. Ciesz się latem razem z nami.

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2024



Tónleikar hefjast klukkan 14:00 og eru í Sólheimakirkju.
Ef aðstæður og veður leyfir gætu þeir verið á Péturstorgi.



Græna Kannan
Íþróttaleikhúsið
1. júní - kl. 14:00
Stjörnulið Sólheima

Sólheimakirkja
13. júlí - kl. 14:00
Diddú og Páll Óskar
Ásamt Jónasi Þórir og
Ásgeiri Ásgeirs á gítar



Sólheimakirkja
8. júní - kl. 14:00
Páll Rósinkrans og
Óskar Einarsson

Sólheimakirkja
20. júlí - kl. 14:00
Tindatrióíð
Atli Guðlaugsson og synirnir
Bjarni og Guðlaugur ásamt
Jónasi Þórir




Sólheimakirkja
15. júní - kl. 14:00
Örn Árna, Hildur V.
Baldursdóttir,
Matthias Stef. og
Jónas Þórir

Sólheimakirkja
27. júlí - kl. 14:00
Björn Thoroddsen
gítarleikari og vinir
Bítlalögin



Sólheimakirkja
22. júní - kl. 14:00
Rakel Pálsdóttir

Sólheimakirkja
3. ágúst - kl. 14:00
Tenórar í stuði
Kristján Jóhannsson, Gissur
Páll og Jóhann Friðgeir ásamt
Jónasi Þórir



Sólheimakirkja
29. júní - kl. 14:00
Hvalreki

Sólheimakirkja
10. ágúst - kl. 14:00
Daníel Ágúst og
Björn Jörundur



Sólheimakirkja
6. júlí - kl. 14:00
Eypór Ingi

Sólheimakirkja
17. ágúst - kl. 14:00
Þorgeir Ástvalds,
Ásgeir Páll og vinir
Ragga Bjarna
Hér sé stuð!



Styrktaraðilar Menningarveislu Sólheima 2024:

 **AZTIQ**

fierna
GARÐURINN
-klæðir þig vel

GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 24. ágúst 2024



Grímsævintýri á Borg, 24. ágúst 2024

Fjölskylduhátíð, tombóla, markaður!

Í ár hefur verið ákveðið að færa Grímsævintýrin aftur um tvær vikur, til laugardagsins 24. ágúst, en undirbúningur er hafinn!

**Ert þú með handverk eða framleiðslu
sem þú vilt selja eða koma á framfæri?**

**Endilega pantaðu þá borð á markaðnum í Íþróttamiðstöðinni Borg.
Lítið borð: 4.500kr. Stórt borð 5.500 kr.**

**Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn
á netfangið grimsaevintyri@gmail.com**

**Hægt verður að fylgjast með viðburðinum á
Facebook-Grímsævintýri á Borg 2024**





Hrafnkell Sigurðsson
Loftnet
Aerials

Sigga Björg & Mikael Lind
Hamflettur
Skinings

$\frac{1}{3} \mid \frac{2}{4}$

Kristinn Már Pálmason
Kaþarsis

Erla S. Haraldsdóttir
Draumur móður minnar
My Mother's Dream



www listasafnarnesinga.is
Austurmörk 21
810 Hveragerði



Ókeypis
aðgangur
Free entry

GÖNGUM SAMAN 60+

Gengið í skóginum við Laugarvatn

Þriðjudaginn 16. júlí

Hittumst við tjaldstæðið á Laugarvatni kl. 14:00.
Hægt að kaupa sér kaffi á kaffihúsi eða dýfa sér í Fontana eða
sundlaugina eftir gönguna.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.

Ekki er nauðsynlegt að skrá sig en gæti verið gott að vera með
göngustafi og vatnsbrúsa.



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM

Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

JÞ Verk





Sumarleyfi

Skrifstofa Grímsnes- og
Grafningshrepps
verður lokuð vegna sumarleyfa frá
22. júlí til og með
11. ágúst 2024

Næsti fundur sveitarstjórnar
verður haldinn þann 25. júlí og
næsti fundur þar á eftir verður
haldinn þann 21. ágúst. Fyrri
fundur í júlí og ágúst falla niður
vegna sumarleyfis sveitarstjórnar.





JÖKULL



Gæðingamót Jökuls 2024



Keppt verður í eftirfarandi flokkum:

- Pollaflokkur
- Barnaflokkur
- Unglingaflokkur
- Tölt T3 18 ára og eldri
- Tölt T3 17 ára og yngri
- Tölt T7 Börn
- Tölt T7 fullorðinna
- B flokkur ungmenna
- B flokkur áhugamenn
- B flokkur atvinnumenn
- A flokkur ungmenni
- A flokkur áhugamenn
- A flokkur atvinnumenn
- Skeið

Skráningargjald:
fullorðnir 7000,-
börn og unglingar 5000,-

**Opið gæðingamót á
Flúðum 25.-28.júlí nk.**

Hestamannafélagið Jökull
Lambatanga 1
845 Flúðir

Framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Jökuls er Oddrún Ýr Sigurðardóttir

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI
GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
JÚNÍ - JÚLÍ TIL OG MEÐ
18. ÁGÚST

ALLA DAGA

10:00 TIL 18:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00





Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Dagatal

Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

22./23.ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
24. ágúst	Grímsævintýri
5. septemb.	Haustfundur
Sept/okt.	Gleði með uppsveitafélögunum
11.-13. októb.	Landsþing KÍ á Ísafirði og í Hnífsdal
1. nóvember	Grímuball
Nóvember	Jólabíngó
Nóv./des.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN



Borg



sumaropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 10:00 - 21:30

Föstudaga - Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞÓRLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>